

Reykjavík 24. nóvember 2011

Katrín Jakobsdóttir

Reynimel 82

107 Reykjavík

Sæl og blessuð Katrín!

Ég hef þegar sent þér í hlutverki Mennta- og menningarmálaráðherra bréf þar sem ég segi af mér sem formaður Húsafriðunarnefndar vegna þess að með ákvörðun um að fara ekki að tillögu nefndarinnar um friðun Skálholtskirkju og Skálholtsskóla hafi ráðherra lýst yfir vantrausti á mati nefndarinnar á gildi bygginganna.

Um þetta kaus ég að hafa ekki mörg orð í afsagnarbréfi mínu.

Mér er hins vegar nokkur nauðsyn á að fara um þetta fleiri orðum í bréfi til þín persónulega:

Þú hefur hafnað tillögu Húsafriðunarnefndar um að friða Skálholtskirkju og Skálholtsskóla en mælir jafnframt með því að nefndin leggi til við þig að friða byggingarnar!!! Hvað þýðir þetta á mannamáli?

Höfnun þín er rökstudd með því að lagaskilyrði bresti til friðunarinnar skv. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 104/2001. Þessi umrædda lagagrein fjallar þó einfaldlega um að „Friða má mannvirki, hús eða húshluta, sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis friðaðs mannvirkis.“ Það er hlutverk Húsafriðunarnefndar að leggja mat á menningarsögulegt gildi húsa og nefndin telur umrædd hús hafa þess háttar gildi að brýn ástæða sé til friðunar nú þegar umræddu gildi er ógnað. Þú hefur með bréfi þínu hafnað þessu.

En jafnframt óskar þú þess að Húsafriðunarnefnd leggi til við þig að húsin verði friðuð. – Það höfum við þegar gert með bréfi dagsettu 16. nóvember sl. og þú hafnað með bréfi 22. nóvember.

Ekki er auðvelt að skilja hvað að baki býr og engin furða að mann sundli. Ekki kann ég við að segja að um sé að ræða undirlægjuhátt gagnvart vinnufélaga á Alþingi og undanlátssemi við þau venjulegu, ófaglegu og óheiðarlegu vinnubrögð sem viðgangast í þessu samfélagi. Ég er feiminn við að nota þessi orð en þegar litið er yfir feril þessa máls frá upphafi blasir við manni slík runa af óheiðarleika, lygum, prettum og ljótum vinnubrögðum að manni verður orðfall. Ég skil ekki hvernig stjórnmalamaður í þinni stöðu getur tekið svona ákvörðun sem í reynd þýðir aðeins að verið er að festa í sessi það sem ætti að uppræta.

Upprifjun á framvindu:

- Byrjað var á framkvæmdum án þess að byggingarleyfi sé fyrir hendi.
- Samþykki Kirkjuráðs var fengið með blekkingum.
- Sagt var ósatt um að byggingarleyfi sé fyrir hendi.
- Sagt var ósatt um að samþykki höfundarréttarhafa liggi fyrir.
- Sagt var ósatt um að samþykki Garðars Gíslasonar arkitekts liggi fyrir og að hann færi með höfundrréttinn.
- Reglur ICOMOS um að ekki skuli byggt ofan á fornleifum voru sniðgengnar.
- Húsið sagt vera tilgátuhús en er í raun stærra en Þorlákshúsið var.
- Hönnun hússins og teikningar er í höndum manns sem ekki hefur réttindi til slíkra verka.
- Teikningar eru lagðar fram og samþykktar í nafni manns sem ekki hannar húsið.
- Byggingarleyfi var gefið út á grundvelli deiliskipulags sem ekki er formlega gilt.
- Deiliskipulagið sem þó á að vera grundvöllur byggingarleyfisins heimilar ekki byggingu hússins.
- Samþykki Kirkjuráðs var fengið öðru sinni á grundvelli ósanninda um gild leyfi og gegn vilja biskups.

Þegar hér er komið sögu leggur Húsafriðunarnefnd til að byggingarnar og nágrenni verði friðaðar til að stöðva þessa vitleysu og koma í veg fyrir að gildi þeirra verði rýrt. Þú hafnar því á grundvelli „meðalhófsreglu“ og ryður þannig brautina fyrir því að haldið verði áfram.

Þú framlengir vist okkar í forheimskunarlandinu síðlausa.

Orð þín um að þú berir fullt traust til mín sem formanns Húsafriðunarnefndar eru í besta falli innihaldslaus því gerðir þínar í þessu máli sanna hið gangstæða. Þegar orð og æði stangast á fer sjaldnast milli mála hvort sé marktækt. Þú hefur kosið að víkja til hliðar þeim hagsmunum sem Húsafriðunarnefnd á að gæta og mér finnst þú gera það í skjóli lagaþrugs.

Ef vilji hefði verið til þess að fylgja mati Húsafriðunarnefndar hefði þessum lagarökum verið ýtt mildilega til hliðar og vísað til skýlausrar, lagalegra heimildar til friðunar.

Vonbrigði mín með þessa afgreiðslu eru mikil og ég kýs að draga mig út úr þessu starfi á vegum ráðuneytisins. Ég mæli með því að þú veljir í minn stað mann sem á auðveldara með að starfa innan ramma þeirra leikreglna sem þú setur með starfsmönnum þínum, mann sem skilur hvaða gildismat liggur þar að baki og sættir sig við það.

Með kveðju,

Hjörleifur Stefánsson